

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 82/2006**

**frá 7. júlí 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2006 frá 10. mars 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/80/EB frá 21. nóvember 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE, um snyrtivörur, í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32005 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/80/EB frá 21. nóvember 2005 (Stjtið. ESB L 303, 22.11.2005, bls. 32).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/80/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 44, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 303, 22.11.2005, bls. 32.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.